



Fundur þjónustuhóps um málefni fatlaðra, haldinn í Ráðhúsi Húnaþings vestra, Hvammstanga miðvikudaginn 9.júní 2010 kl 11:00

Mætt voru: Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir verkefnisstjóri og formaður þjónustuhóps, Auður Herdís Sigurðardóttir, Hjörtur Hjartarson, Henrike Wappler og Jón Óskar Pétursson framkvæmdastjóri SSNV sem ritaði fundargerð. Guðrún Árnadóttir formaður svæðisráðs boðaði forföll.

Formaður setti fund og stjórnáði.

- 1. Fundargerð síðasta fundar.** Lögð fram til kynningar. Varðandi e) lið fundargerðarinnar var samþykkt að horfa til þess að halda sameiginlegan starfsdag eftir 15. september 2010. Verkefnisstjóra falin nánari útfærsla og kalla eftir ábendingum starfsmanna um efnistöð starfsdagsins.
- 2. SIS matið á þjónustusvæðinu.** Verkefnisstjóri kynnti fyrirkomulag mats á þörf fatlaðra einstaklinga fyrir stuðning, SIS mat sem unnið er á forsendum Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins og félags- og tryggingamálaráðuneytisins með samningi við SSNV málefni fatlaðra. Gert er ráð fyrir að matið verði framkvæmt á starfssvæði byggðasamlagsins á tímabilinu ágúst til september 2010. Gert er ráð fyrir að kostnaður við hvert mat verði 32.700 kr. pr. mat. Heildarkostnaður áætlaður um 2.3 m.kr.
- 3. Fjárlagagerð og fjárhagsáætlun 2011.** Lagður fram tölvupóstur frá félags og tryggingamálaráðuneytinu dags 26. maí 2010 þar sem tilkynnt er 5% hagræðingarkrafa á velferðarstofnanir og þjónustusamninga sem heyra undir ráðuneytið vegna fjárlagagerðar 2011. Framkvæmdastjóra og verkefnisstjóra falið að kynna málið fyrir stjórn og afla frekari upplýsinga fyrir þjónustuhóp. Rætt um vinnu við gerð fjárhagsáætlunar fyrir næsta ár.
- 4. Yfirfærsla málefna fatlaðra.** Umræður um stöðu mála varðandi yfirfærsluna.
- 5. Framkvæmdasjóður fatlaðra**
 - a. Umsókn frá Sambýlinu Blönduósi vegna þurrkara uppá 156.600 kr. Samþykkt.**
 - b. Umsóknir um styrki sbr. 27. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra.**

Sami aðili sækir um eftirfarandi styrki;

 - i. Umsókn um styrk vegna tölvukaupa kr.239.900. Samþykkt úthlutun kr.100.000. Greitt er að hámarki 100.000 kr. þó aldrei meira en 75% af útlögðum kostnaði.**
 - ii. Umsókn um styrk vegna verkfæra til sauma kr.208.455.Samþykkt úthlutun kr.156. 341. Greitt er að hámarki 200.000 kr. þó aldrei meira en 75% af útlögðum kostnaði.**
- 6. Önnur mál**
 - a. Fyrirspurn til þjónustuhóps.** Lagður fram tölvupóstur frá Margréti Ósk Harðardóttur, Siglufirði dags 7. maí 2010 þar sem spurst er fyrir um stöðu mála varðandi búsetuúrræði geðfatlaðra á Siglufirði. Verkefnisstjóra og Félagsmálastjóra í Fjallabyggð falið að svara erindinu.
 - b. Viðræður við Dalvíkurbyggð.** Verkefnisstjóri fór yfir stöðu mála í viðræðum fulltrúa SSNV og fulltrúa Dalvíkurbyggðar um mögulega aðild að byggðasamlagi um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra.



- c. **Fundargerð Svæðisráðs frá 31. maí 2010.** Lögð fram til kynningar. Vegna 2. Liðar fundargerðarinnar samþykkir Þjónustuhópur að félagsmálastjórar taki saman upplýsingar um verklagsreglur félagsþjónustunnar um beitingu þvingunar og valds í vinnu með fötluðu fólki, sendi til verkefnisstjóra sem svari Svæðisráði. Einnig rætt um hvernig fræðslu sé háttað fyrir starfsmenn um þessi atriði.

Fleira ekki gjört fundi slitið kl 12:30.

Jón Óskar Pétursson fundarritari.

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.